

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1997
fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Grein 5.6 orðast svo:

Til kaupa á hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af skráðum almenningshlutfélögum á Verðbréfafingi Íslands svo og hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af hlutfélögum skráðum á Opna tilboðsmarkaðinum. Eign í slíkum verðbréfum fari þó ekki umfram 20% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

Grein 5.7 orðast svo:

Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 30% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 676

8. desember 1997

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er út gildi auglýsing nr. 610/1997 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. desember 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.